



Reglur um styrki til framboða í sveitarstjórnarkosningum í Flóahreppi

1. gr.

Almennt

Reglur þessar eru til að tryggja jafnræði þeirra framboðslista sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Flóahreppi. Forsvarsmaður framboðslista skal tilkynna sveitarstjóra um fyrirhugað framboð og tekur þá gildi eftirfarandi stuðningur við framboðslistann.

2. gr.

Aðgangur framboða að húsnæði sveitarfélagsins

Framboðum er heimilaður aðgangur að húsnæði sveitarfélagsins sem hentar til að halda fundi án endurgjalds til undirbúnings framboðs. Hvert framboð getur haldið einn opinn framboðsfund í húsnæði sveitarfélagsins án endurgjalds og einnig er heimild fyrir einum sameiginlegum fundi allra framboða ef slíkur fundur fer fram. Bókanir á húsnæði fyrir fundi framboða skulu fara fram í gegnum þann starfsmann á fasteignasviði sem sér um bókanir hverju sinni.

3. gr.

Prentun kynningarefnis

Á skrifstofu sveitarfélagsins er ljósritunarvél/prentari þar sem framboð hafa rétt á að prenta einn bækling án endurgjalds, í því magni sem dugur til að dreifa til allra íbúa í sveitarfélaginu. Prentun miðast við prentun á almennan pappír. Kjósi framboð að prenta á annars konar pappír skulu þau sjálf leggja hann til. Ef ástand tækjabúnaðar á skrifstofu uppfyllir ekki þær kröfur sem framboð gerir til prentunar er prentun bæklinga eða annars kynningarefnis ekki gerð á kostnað sveitarfélagsins. Ekki er greitt fyrir póstburðargjöld.

4. gr.

Fjárhagslegur styrkur

Framboð fá styrk að upphæð 100.000 kr. sem greiða skal til framboðsins eftir að kjörstjórn hefur staðfest lögmæti framboðsins. Styrkurinn er bundinn vísitölu neysluverðs, sem í janúar 2026 er 658,2. Uppreikna skal styrkinn í samræmi við vísitölu til hækkunar í janúar á kosningarári.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 20.01.2026

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri